

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 116 - 116. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar tillögu um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Í tillögunni er lagt til að mótuð verði tillaga um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem starfa í félagsþjónustu, barnavernd og öðrum stofnunum sem mæta þolendum heimilisofbeldis.

Félagsráðgjafafélagið getur tekið undir margt sem kemur fram í fyrirbyggjandi umsögnum Barnaverndarstofu, Kvennréttindasambands Íslands, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Persónuverndar og Samtaka um kvænnaathvarf. Heimilisofbeldi er alvarleg meinsemd í samfélaginu og snertir flesta þætti þess, því er mikilvægt að allar stofnanir samfélagsins leggi málinu lið. Aðgerðir stjórnvalda gegn heimilisofbeldi hafa skilað ýmsum úrbótum en þó er langt í land. Rannsóknir hér á landi sýna fram á að talsvert skorti á að fagfólk komi auga á heimilisofbeldi og upplifi oft óöryggi varðandi viðeigandi viðbrögð sjá t.d. rannsóknir á vegum félagsmálaráðuneytis sem birtar voru árið 2010. Ýmsar lagaheimildir eru til staðar er varða samstarf og tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda. Hins vegar þarf að efla fræðslu til starfsfólks stofnana í því skyni að auka þekkingu á tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda. Stofnanir þurfa jafnframt að útfæra verklag til að fara eftir þegar kemur að því að tilkynna.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið taka þátt í mótun verklags við vinnslu heimilisofbeldismála og mæta á fund alsherjar- og menntamálanefndarnefndar til að fylgja athugasemdum sínum eftir, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður